

Til bæjarráðs

Efni: Svar við fyrirspurn Garðabæjarlistans um innviðagjöld í Urriðaholti.

1. Hve mikið hefur verið innheimt af innviðagjöldum í Urriðaholti?

Samkvæmt samstarfsamningi Garðabæjar og Urriðaholts ehf. um uppbyggingu byggðar á Urriðaholti tekur Urriðaholt þátt í kostnaði við uppbyggingu skóla og íþróttamannvirkja.

Framlagið er ákveðin fjárhæð á íbúð og er mismunandi eftir tegund, sjá fylgiskjal.

Framlagið hefur komið til greiðslu á árunum 2008-2020 og nemur fjárhæð þess í árslok 2020 kr. 1.342.895.000

2. Hvaða verkefni hafa verið fjármögnuð með innviðagjöldum í Urriðaholti?

Framlaginu hefur verið varið til greiðslu kostnaðar við byggingu Urriðaholtsskóla og nemur uppsafnaður kostnaður við bygginguna í árslok 2020 kr. 2.674.144.900